

Úrvinnslugjald af umbúðum úr pappa, pappír og plasti

Pann 1. janúar 2006 tóku gildi breytingar á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.

Umhverfisráðherra hefur sett nánari reglur um úrvinnslugjald í reglugerð nr. 1124/2005.

Helstu breytingar eru þessar:

- Þeir sem flytja inn eða framleiða umbúðir úr pappír, pappa og plasti verða gjaldskyldir og er gjaldið 10 kr. pr. kíló.
- Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í tilteknum tollskrárnúmerum (sjá 8. gr. reglugerðarinnar) eru undanþegnar úrvinnslugjaldi verði varan sannanlega flutt úr landi.
- Sérstök endurgreiðsla er tekin upp vegna útflutnings gjaldskyldrar framleiðslu og er í höndum skattstjóra að afgreiða beiðnir um endurgreiðslu.

Á hverjum hvílir skylda til greiðslu úrvinnslugjalds?

Skylda til að greiða úrvinnslugjald hvílir á öllum þeim sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, skv. lögum um úrvinnslugjald, til endursölu og/eða til eigin nota. Jafnframt hvílir skyldan á öllum þeim sem framleiða gjaldskyldar vörur innanlands.

Tilkynningarskylda og skráning

Allir sem framleiða gjaldskyldar vörur innanlands og allir sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur til endursölu eru skyldugir til að tilkynna um starfsemi sína til viðkomandi skattstjóra. Tilkynningin skal gerð eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst. Tilkynningin skal gerð á eyðublaði RSK 10.80. Það er að finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra á eftirfarandi slóð: www.rsk.is/birta_sidu.asp?vefslod=/eydublod/eydublod_rsk_10.asp&val=6.0

Gjaldstofn úrvinnslugjalds vegna umbúða úr pappa, pappír og plasti

Gjaldstofn úrvinnslugjalds af pappa-, pappírs og plastumbúðum skal miðast við þyngd umbúða í kílógrömmum hvort sem þær eru einar sér eða utan um vörur.

Gjaldstofn virðisaukaskatts

Úrvinnslugjald myndar stofn til virðisaukaskatts.

Uppgjörstímabil, gjalddagar og greiðslufrestur

Hvert uppgjörstímabil vegna úrvinnslugjalds er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst og svo framvegis.

Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess. Skulu innlendir framleiðendur eigi síðar en á gjalddaga skila skýrslu og greiða innheimtumanni ríkissjóðs úrvinnslugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu.

Sé skýrslu ekki skilað innan tilskilins tíma, eða henni er ábótavant, skal skattstjóri áætla gjald af viðskiptum. Sé gjald eigi greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Innflytjendur sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota skulu greiða úrvinnslugjald við tollafgreiðslu.

Um nánari upplýsingar vísast til laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald með síðari breytingum og reglugerðar nr. 1124/2005, um úrvinnslugjald. Hvort tveggja er að finna á eftirfarandi slóð: www.rsk.is/skattalagasafn
Er sérstök athygli vakin á VI. kafla reglugerðarinnar en þar er að finna dæmi til skýringar á því hvað teljast umbúðir og hvað ekki í skilningi reglugerðarinnar.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá ríkisskattstjóra í síma **síma 563 1111**.

ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA